



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir kennsluhúsnæði (Saga) að Hagatorgi 1, F2028392, merking 01 0101.

Nafn leyfishafa: Háskóli Íslands

Heimilisfang: Sæmundargata 2

Póstnúmer: 102

Kennitala: 600169-2039

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2025

Gildir til: XX.XX. 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir framhalds- og háskóla*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2025



Reykjavík, 19. september 2025
USK25080287

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA: Starfsleyfi

Viðtakandi: Snorri Páll Davíðsson
Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Hagatorg 1

Merking: Fasteignanúmer F2028392 merking 01-0101

Starfsemi: Kennsluhúsnæði

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir kennsluhúsnæði að Hagatorgi 1 á vegum Háskóla Íslands í þeim rýmum sem öryggisúttekt fór fram 18.09.2025. Sjá meðfylgandi fylgiblað sem sýna rýmin.

Húsnæðið heimilar þessa notkun.

Samkvæmt samþykktum aðaluppdráttum dags. 03.12.2024 (USK24100247)


Öryggisúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags 18.09.2025.


Vottorð öryggisúttektar fellur úr gildi 16. desember 2025 en þá skal vera búið að gefa út vottorð um lokaúttekt á allt byggingarleyfið.


Virðingarfyllst,
Berglind Björg Sigvaldadóttir
Fyrir hönd byggingarfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík









Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

05-06-2025 13:18

Tungumál á Mínum síðum: IS

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Flutningur í nýtt húsnæði;Breytingar á húsnæði;Breytingar á starfsemi

Starfsemi hefst

01-09-2025

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Saga

Aðsetur starfsstöðvar

Hagatorg 1

Póstnúmer aðseturs

107

Símanúmer

Netfang

spd@hi.is

Heimasíða

hi.is

Nafn fyrirtækis

Háskóli Íslands

Kennitala fyrirtækis

6001692039

Lögheimili fyrirtækis

Sæmundargata 2

Póstnúmer fyrirtækis

102

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Jón Atli Benediktsson

Kennitala forsvarsmanns**Sími forsvarsmanns****Netfang forsvarsmanns**

hi@hi.is

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F2028392

Rýmisnúmer

Númer rýma fylgja í viðhengi

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Hollustuhættir

Nánari lýsing á starfseminni

Saga mun hýsa menntavísindasvið HÍ og Upplýsingatæknisvið auk annarrar starfsemi. Í húsinu eru 40 kennslurými (sjá meðfylgjandi lista) og þar eru, auk almennra kennslustofa, sérstofur fyrir listgreinar, handavinnu, trésmíðar, matreiðslu og íþróttافرæði. Í trésmíðastofunni eru trésmíðavélar og í listgreinastofum verða litir, málning og leysiefni.

Fylgigögn

Viðbótargögn

Kennslur_mi _ S_gu.docx,umbo__16.6.2023_11_37_10.pdf

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

framhaldsskóla og háskóla

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir framhaldsskóla og háskóla. Starfsleyfið nær til húsnæðis og tilheyrandi lóðar.	941/2002 7. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfissókn og hlotið hefur samþykki byggingarfulltrúa.	941/2002 14.gr	
1.3	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 7. gr.	
1.4	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr	
1.5	Þess skal gætt við staðsetningu að starfsemin verði ekki fyrir ónæði frá umferð eða atvinnurekstri.	rg. 941/2002 34. gr. og rg. 724/2008	
1.6	Innra eftirlit skal vera til staðar sem tekur mið af áhættuþáttum, skriflegri hreinlætisáætlun, viðhaldi loftræsikerfa og skráðum óhöpp og slysum og úrbótum.	941/2002 11. gr	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum	941/2002 13.gr	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14.gr	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 14.gr	
2.3	Læst og vel loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr	
2.4	Nemendur skulu hafa greiðan aðgang að snyrtiherbergi með salerni, handlaug með sápulegi og einota þurrkum. Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki frá gólfi upp að lofti skulu salernisrými aðgreind fyrir konur og karla. Um stærð, fjölda og gerð snyrtinga fer skv. kröfum byggingarfulltrúa.	941/2002 15.gr	

2.5	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað.	Byggingar-reglugerð gr. 14.5.10.	
2.6	Sérstök aðstaða skal vera fyrir nemendur til að matast. (Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast.)	941/2002 38. gr.	
2.7	Lóð skal vera vel viðhaldið, án slyshættu og auðvelt til notkunar og umferðar fyrir íbúa.	941/2002 14. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin reglulega. Hreinlætisáætlun fyrir skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.	941/2002 14.gr	
3.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14.gr	
3.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustu- og rekstrarhandbók skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 11. og 14. gr	
3.4	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	
3.5	Ekki má hleypha hundum eða köttum inn í húsnæðið nema að fengnu leyfi rekstraraðila og tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar. Þó er fötluðum heimilt að hafa með sér merktan hjálparhund.	941/2002 19.gr	

4. MATVÆLI

4.1	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.	103/2010 (ESB 852/2004)	
4.2	Í eldhúsi skal vera matvælavaskur/-vaskar og uppþvottavél auk handlaugar	103/2010 og 852/2004 og 941/2002 14.gr	
4.3	Starfsfólk eldhúss skal hafa greiðan aðgang að sér snyrtiherbergi með salerni og handlaug með sápulegi og einnota handþurrkum.	103/2010 og 852/2004 og 941/2002 14.gr	

5. UMHVERFISMÁL

5.1	Aðkoma að húsinu skal uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rg. 941/2002 14. gr og 18.gr.	
5.2	Leitast skal við að draga úr sorpmýndun og auka endurvinnslu úrgangs. Meðferð úrgangs og geymsla skal vera með þeim hætti að ekki stafi óþrifnaður og ónæði af.	Rg. 737/2003	
5.3	Spilliefnum, þ.m.t. nálum og oddhvössum úrgangi skal safnað, þau geymd og flutt í þar til gerðum umbúðum til viðurkenndra móttökustöðva.	Rg. 806/1999	
5.4	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni	Lög 61/2013 og Rg.	

	skulu vera aðgengilegar.	941/2002 35. gr og 37.gr.	
5.5	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.	Rg. 806/1999	
5.6	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	Rg. 798/1999.	

Starfsleyfisfiskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 169/2002,, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 (ESB 852/2004) um matvælaeftirlit, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, Byggingarreglugerð nr. 112/2012.


**GREINARGERÐ MEÐ SAMRÆMDUM STARFSLEYFISFISKILYRÐUM FYRIR
ATVINNUGREIN**

Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT95): 85.31.0 Framhaldsskólar, 85.32.0 Framhaldsskólar, 85.42.0 Háskólar

Helstu forsendur fyrir starfsleyfisfiskilyrðum þessum eru:

- Til að tryggja hollustuhætti og heilnæmt umhverfi í samræmi við reglugerð um hollustuhætti
- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys dvalargesta
- Til að tryggja að starfsmenn hafi ákveðna lágmarksþekkingu
- Koma í veg fyrir vanbúnað í aðstöðu fyrir dvalargesti.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um starfsemina.
- Fyrirbyggja mengun og mengunarslys. Tryggja öryggi dvalargesta

Reykjavík 12.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir

